



Formannafundur Aftureldingar mánudaginn 23. apríl 2025

Haldinn í Hlégarði klukkan 19:30

Frá aðalstjórn: Ásgeir Jónsson, Níels Reynisson og Geirarður Long

Blakdeild: Guðbrandur Pálsson

Fimleikadeild: Rut Sigurðardóttir og Bjarni Kristinsson

Frjálsíþróttadeild: Teitur Ingi Valdimarsson

Handknattleiksdeild:

Knattspyrnudeild: Erla Eiríksdóttir, Hafdís Sæland, Gísli Elvar Halldórsson

Körfubolti: Heiðar Logi Jónsson

Sunddeild: Brynjar Jóhannsson

Badminton: Jónatan Þór Jónsson

Taekwondodeild:

Karatedeild: Anna Olsen

Hjóladeild: Ólafur Örn Bragason

Skrifstofa: Einar Ingi, Hanna Björk, Þórdís Aikman

Formaður setti fund og bauð gesti fundarins velkomna

Fundur settur 20:00

Fundur hófst á því að boðið var til matar og Ásgeir bað gesti fundarins, formenn að kynna sig og segja frá hvaða deild þeir koma.

Ásgeir formaður félagsins fór svo yfir dagskrá fundarins

DAGSKRÁ

Aðalfundur deilda

Aðstöðumál

Skattamál

Umræður um rekstur mannvirkja

Nýr samningur við Mosfellsbæ

SharePoint svæði deilda

Lög- og reglugerðir Aftureldingar

Önnur mál

1. Aðalfundur deilda

Ásgeir forvitnast hjá deildum hvernig aðalfundur deilda hafi gengið undanfarnar vikur og hvort eitthvað megi bæta í þeim ferlum, framkvæmdum.

Almennt gengu fundir vel og sterkar stjórnir til staðar á flestum stöðum.

2. Aðstöðumál

Aðstöðumál eru okkur alltaf hugleikin, þannig að Ásgeir fór yfir það sem er í gangi og það sem framundan er.

Það er auðvitað stórar framkvæmdir í gangi á aðalvelli félagsins, þar sem bæði er verið að setja nýtt gervigras með lýsingu og hitalögnum, og ekki síður er að koma ný frjálssípróttaaðstaða fyrir frjálssípróttadeild og lýðheilsu bæjarins, 200 metrar hlaupabraut og stökksvæði inní vellinum

Íþróttahúsið við Helgafellsskóla er að opna núna í sumar, glæsilegt hús sem mun fyrst og fremst nýtast Badmintondeildinni, og mikið framfaraskref fyrir þau.

Skipt verður um dýnur í bardagasal á árinu, og uppbygging í styrktarasðstöðu félagsins er ákveðið verkefni í þróun.

Hvað varðar framtíðarsýn og framkvæmdir á svæðinu, þá er verið að hugsa þjónustubygginguna og stúkuna saman þegar kemur að þörf félagsins og heildar aðstöðu. Þessar tvær byggingar eru hugsaðar saman, þar sem þörf félagsins í þarfagreiningu er uppfyllt í þessum tveimur byggingum.

Félagið leggur mikla áherslu á að framkvæmdir hefjist fyrir kosningar vorið 2026. En árið 2025 er merkt sem hönnunar ár.

3. Skattamál

Ásgeir fór aðeins inná skattamál, en skatturinn hefur sent út áminningu er varðar lög og reglur um skattamál þjálfara og leikmanna hjá íþróttafélögum.

Staðan er þannig að ÍTF, íslenskur toppfótbolti tók ákveðið leiðandi hlutverk í þessu málum fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar, og ásamt KSÍ, HSÍ, KKÍ, ÍTK, ÍSÍ og Deloitte var stofnaður starfshópur sem hefur samtal við yfirvöld um þessi mál og hefur fjármálaráðherra strax tekið vel í þessa vinnu og því samtal á milli aðilanna virkt og ákveðin vinna í gangi. Þar sem íþróttahreyfingin mun koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Við leyfum formönnum að fylgjast með þegar eitthvað nýtt kemur fram í þessum efnum.

4. Umræður um rekstur mannvirkja

Ásgeir upplýsti um að félagið hafi á vordögum óskað eftir samtalið við bæinn er kemur að rekstri mannvirkja að Varmá. Félagið hefur lýst þannig yfir vilja að opna á þetta samtal og fara yfir möguleika í stöðunni.

Nú stendur yfir vinna hjá formanni og framkvæmdastjóra, ásamt starfsmönnum mosfellsbæjar að kanna möguleika og hvað þessu fylgir.

5. Nýr samningur við Mosfellsbæ

Skrifað var undi nýjan samning við Mosfellsbæ, samning til næstu þriggja ára.

Ásgeir talar um tímamótasamning þar sem nýju starfsgildi á skrifstofu félagsins er komið inní samning. Nýtt starfsgildi á að umbreyta stuðningi við deildir sem og veita deildum betra aðhald þegar kemur að rekstri og aðstoð við ýmis málefni.

Framkvæmdasatjóri hvetur deildir til að vera ekki hrædd við að tengja sig við skrifstofu félagsins, og Þórdísi þegar kemur að áætlunargerð og stuðningi við rekstrarlega skipulagningu deildarinnar.

Ásgeir fjallar einnig um nýjan þátt sem lagt er til að verði virkjaður inní félaginu í tengslum við nýjan samning við Mosfellsbæ. Þar sem hver liður samningsins, þ.e. almennur rekstur, rekstrarstyrkur BUR, afreksstyrkur mfl, og afrekssjóður leggi til 2% til að mynda varasjóð félgsins.

Ásgeir heldur áfram og fjallar um hvernig stofnun þessa varasjóðs veitir félaginu ákveðin vopn er kemur að aðstoð við deildir, því í dag hefur aðalstjórn litla sem enga möguleika til að styðja við aðrar deildi komi eitthvað uppá.

Umræðan fór svo útí hvað gerist með þetta fjármagn sé það ekki notað, sem er auðvitað það sem við viljum, að engar deildir þurfi á neyðaraðstoð að halda. Þetta á ekki að mynda einhverskonar böffer fyrir deildir til að leyfa sér eitthvað eða mynda kæruleysi í rekstri. Heldur vera til staðar þegar eitthvað kemur uppá.

Á endanum þarf félagið að taka ákvörðun um hvert sé hámark þessa sjóðs, en samkvæmt tillögu þá myndast rúmlega 3 milljóna varasjóður ár hvert. Því er eðlilegt að einhverskonar hámark sé til staðar og sjóðurinn þá notaður á ákveðnum tímavarki félaginu öllu til hagsbóta, eða sem er þá hluti af þessari framtíðar umræðu hvort endurgreiða eigi úr sjóðnum sé hámarki náð.

Allt er þetta framtíðar umræða, en vald yfir sjóðnum er aðalstjórnar.

Almennt er ánægja á fundinum um myndun þessa sjóðs og formenn sammála um að félagið þarf að vera sterkara og hafa vopn til að takast á við óvænt áföll sem geta skaðað deildir komi ekki stuðningur frá aðalstjórn / varasjóð.

6. SharePoint svæði deilda

Framkvæmdastjóri kynnir fyrir deildum SharePoint svæði deildanna. Þar sem hver deild er nú komin með sitt eigið svæði fyrir gögn deildarinnar, þar sem einnig má finna upplýsingar eins og template af samningum, fjárhagsáætlun, fundargerðum, og launaforsendum.

Þetta er mikilvægt skref til að vernda gögn og gefa deildum tækifæri til að tengja fleiri aðila stjórnar inní gagnagrunn deildanna.



Í framhaldinu mun framkvæmdastjóri veita formönnum aðgang og óskar eftir upplýsingum ef fleiri innan deilda eiga að fá aðgang.

7. Lög- og reglugerðir Aftureldingar

Síðasta mál á dagskrá er kynning á áætluðum lagabreytingum sem Ásgeir Jónsson mun leggja undir aðalfund seinna í mánuðnum.

Ásgeir fór yfir hverja breytingartillögur fyrir sig þar sem formenn sögðu sína skoðun og myndaðist mjög góð umræða um lög félagsins og markmið breytinganna sem er að nútímavæða og laga til í uppsetningu þeirra. Breytingartillögur verða svo kynntar á aðalfundi félagsins seinna í mánuðnum.

Einnig voru lagðar til nokkrar breytingar á reglugerð fyrir deildir, voru þær lagðar undir fundinn og samþykkt af formönnum deilda. Breytingarinar voru eftirfarandi, og snúa helst að því að þær endurspegla raunveruleikan og það sem deildirnar og félagið er að eigast við hverju sinni, ásamt því að setja inn nýja grein sem passar uppá að samningar við leikmenn og þjálfara skili sér til skrifstofu og séu gerð í samráði við skrifstofu.

1. GREIN.

Aðalfundir deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir fyrir 15. mars ár hvert. Deildir hafa kost á að boða til Haustfunda kjósi þær að hafa stjórnarskipti milli tímabila. Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Framboð til stjórnarstarfa skulu berast eigi síðar en fimm dögum fyrir fund og skal skila framboðum til framkvæmdastjóra á skrifstofu félagsins. Aðalfundur deildar er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

1. GREIN.

Aðalfundir deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir fyrir 31. apríl ár hvert. Deildir hafa kost á að boða til Haustfunda kjósi þær að hafa stjórnarskipti milli tímabila. Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Framboð til stjórnarstarfa skulu berast eigi síðar en fimm dögum fyrir fund og skal skila framboðum til framkvæmdastjóra á skrifstofu félagsins. Hafi engin framboð borist innan tilsetra tímamarka er heimilt að bjóða sig fram til stjórnarsetu á fundinum sjálfum. Aðalfundur deildar er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Skila þarf fundargerð aðalfunda til skrifstofu félagsins.

5.GREIN.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 5-9 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda. Formenn deilda, skulu ekki sitja samhliða í ráðum, innan sömu deildar, s.s. barna og unglingaráðum, eða meistaraflokksráðum.

5.GREIN.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 5-9 3-9 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda. Formenn og stjórnarmenn deilda skulu ekki sitja samhliða í barna- og unglingaráði.

Formaður BUR og formaður meistaraflokksráða sitja í stjórn deilda.

Ef upp kemur ágreiningur um álitamál má vísa þeim til aðalstjórnar til úrlausnar.

Mikilvægt er að stjórnir deilda tileinki sér sveigjanleika þegar kemur að uppbyggingu, skipun og mönnun stjórnar. En markmið stjórnar hverju sinni skal ávallt hafa starf og hagsmuni deildarinnar og félagsins að leiðarljósi með framþróun í huga.

6.GREIN.

Fjárhagslegar skuldbindingar.

Stjórnir deilda skulu gera starfs- og fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir aðalstjórn til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórnnum deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiri háttar skuldbindingum er átt við þær, sem eru umfram 250.000 krónur. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. grein 16. í lögum félagsins.

6.GREIN.

Fjárhagslegar skuldbindingar.

Stjórnir deilda skulu gera starfs- og fjárhagsáætlun ár hvert í samráði við aðalstjórn og skrifstofu félagsins. Auk þess ber stjórnnum deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiri háttar skuldbindingum er átt við þær, sem eru umfram 250.000 krónur. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. grein 16. í lögum félagsins.

7.GREIN. Ný grein

Þjálfara- og leikmannasamningar deilda.

Stjórnir deilda skulu skila þjálfara- og leikmannasamningum til samþykktar hjá framkvæmdastjóra, sem kannar lögmæti og staðfestir samning fyrir hönd aðalstjórnar, samanber gr. 6 í verklagi deilda Aftureldingar. Mikilvægt er að deildir noti ákveðin snið við samningagerð sem gefin eru út af skrifstofu félagsins.

7.GREIN.

Rekstrarform deilda.

Rekstur barna- og unglingaráða skal vera fjárhags- og bókhaldslega aðskilin frá rekstri meistaraflokka og skulu barna- og unglingaráð skipuð sérstakri stjórn, sem fer með málefni og rekstur ráðanna. (sjá, Leiðbeiningar ÍSí um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar grein 1.1. Aðskilnaður fjárreiðu yngri og eldri iðkenda). Rekstur meistaraflokka karla og kvenna, skulu einnig aðskildir.

8.GREIN.

Rekstrarform deilda.

Rekstur barna- og unglingaráða skal vera fjárhags- og bókhaldslega aðskilin frá rekstri meistaraflokka og skulu barna- og unglingaráð skipuð sérstakri stjórn, sem fer með málefni og rekstur ráðanna. (sjá, Leiðbeiningar ÍSí um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar grein 1.1. Aðskilnaður fjárreiðu yngri og eldri iðkenda). Rekstur meistaraflokka karla og kvenna, skulu einnig aðskildir.

Að lokum var farið yfir verkaskiptingu innan deilda sem var breytt á síðasta formannafundi. En þar var ákveðið og samþykkt að skýra ábyrgðahlutan tengt starfsmannönnum, yfirþjálfurum og þjálfurum aðeins betur.



Verklag deilda Aftureldingar

Hlutverk og ábyrgð stjórna og ráða

1. Stjórnir og ráð deilda starfa samkvæmt lögum félagsins og reglugerð fyrir deildir þess.
2. Stjórnir og ráð deilda eru kosnar á aðalfundum deilda. Þær halda síðan fund í kjölfarið þar sem stjórnarmeðlimir skipta með sér verkum.
3. Stjórnir og ráð deilda hittast á reglulegum fundum til að ræða málefni deildarinnar, formlega að minnsta kosti þrisvar á hverju almanaksári/starfsári. Þeim ber að halda fundargerðir um allar ákvarðanir og skila til skrifstofu Aftureldingar **og/eða vista inná sameiginlegt svæði deildarinnar (share point).**
4. Stjórnir og ráð deilda stýra fjárreiðum, fjáröflunum, starfsmannahaldi, kynningarmálum og félagsmálum deildanna í samráði við íþróttfulltrúa og rekstrar- og/öðra framkvæmdastjóra Aftureldingar.

Hlutverk starfsmanna, yfirþjálfara og þjálfara deilda

Starfsmenn og yfirþjálfarar deilda heyra undir framkvæmdastjóra félagsins.

Starfsmenn og þjálfarar deilda svara til stjórna deilda og ráða sem bera ábyrgð á samskiptum og upplýsingaflæði til þeirra. Hlutverk starfsmanna, yfirþjálfara og þjálfara deilda nær eingöngu til þeirra atriða sem fram koma í ráðningarsamningum og er breytilegt á milli deilda. Sé tilskilið að þjálfari standi fyrir tilteknum mótum eða mæti á tiltekin mót þarf það að koma fram í ráðningarsamningi.

Algengt fyrirkomulag á hlutverkum yfirþjálfara og þjálfara

Hlutverk yfirþjálfara deilda

1. Er ráðinn af stjórn deilda til að hafa faglega umsjón með öðrum þjálfurum í deildinni ásamt því að þjálfa stundum einhvern flokk innan deilda.
2. Markar þjálfunarstefnu, markmið og áætlun í samvinnu við stjórn deilda og sér til þess að aðrir þjálfarar setji markmið og fylgi þeim.
3. Er tengiliður foreldra við þjálfara þegar upp koma erfiðleikar s.s. eineltismál öðh.
4. Aðstoðar stjórn deilda við að taka saman upplýsingar vegna Uppskeruhátíða.

Hlutverk þjálfara deilda

1. Dreifir skráningarblöðum í byrjun tímabils auk annars pósts sem stjórn/þjálfarar kjósa að senda heim með iðkendum.
2. Skilar inn þjálfunaráætlun að hausti í samvinnu við yfirþjálfara.
3. Heldur skrá yfir mætingar á æfingar.
4. Skipuleggur félagslíf innan flokksins í samvinnu við tengiliði.
5. Aðstoðar stjórn deilda/yfirþjálfara við að taka saman upplýsingar vegna Uppskeruhátíða.

8. Önnur mál

Anna Olsen hjá karate kom inná merkingar á klefum og umgengni í kringum karate sal.

Framkvæmdastjóri sagði að merkingarnar væru í vinnslu með húsinu og koma nú á vormánuðum. Fyrst ætlaði Dana að panta nýjar merkingar en nú er það pæling að mála númerin á vegginn með rauðri málningu, þannig þetta hefur tafist.

Hvað varðar umgengni þá er mikilvægt að deildir brýni fyrir sínum iðkendum að ganga vel um og bera virðingu fyrir húsinu og öðrum.

Fundi slitið klukkan 21:45